

## Göngin

eftir Anthony Browne

Copyright © 1989 Anthony Browne From THE TUNNEL by Anthony Browne  
Reproduced by permission of Walker Books Ltd, London SE11 5HJ

Markmiðið með kennsluverkefninu er að nemendur átti sig á vináttu og kærleik og að allir eru sérstakir á sinn hátt.

- Aldur: Yngsta stig og miðstig.
- Áherslur í námskrá: Íslenska, talað mál og hlustun og myndmennt.
- Kennsluaðferðir: Umræður, kyrrmyndir, spuni, hljóðmynd, frásögn, hugsa/ræða/deila, kastljósið, líkamlegt leikhús, kennari í hlutverki.
- Leikmunir: Pappírsrúlla, litir, myndavél. Efni til að búa til stóra mynd af göngunum. Myndir úr myndabanka (merkt Göngin)

Allar kennsluaðferðirnar eru útskýrðar á vefsíðunni undir:

*Útskýringar kennsluaðferða.*

### **Kveikja:**

Sýna nemendum myndir af systkinunum (í myndabanka merkt Göngin) og ræða um það sem er líkt og ólíkt með þeim. Eiga þau systkin? eru þau lík hvert öðru? Hvernig eru þau lík? Ef ekki hvað er þá ólíkt með þeim. Hvað felst í því að vera systkin? Fjölskylda? Hverjir eru í fjölskyldu?



**Kennari:** *Systkinin eru stöðugt að rífast. Þau slást og rífast um alla skapaða hluti.*

**Hugsa/ræða/deila í spuna:**

Fáið nemendur til að para sig saman og búa til senu úr fortíðinni þar sem þau eru að rífast í snjónum. Þörin verða að ræða málin og komast að samkomulagi um þann spuna sem þau ætla að sýna. Síðan deila þörin spunanum sínum með öðrum í bekknum.

**Hlustun:**

Kennari biður nemendur að virkilega hlusta á hvað krakkarnir eru að segja hvert við annað. Hvað gengur raunverulega á? Af hverju eru þau ekki vinir? Hvað eru þau að segja við hvert annað?

**Kennari:**

*Eigum við að finna út hvað er að gerast? Við hvern eigum við að tala?*

*-mömmu þeirra?*

*-pabba þeirra?*

*-vin, vinkonu?*

*-stelpuna?*

*-strákinn?*

**Kastljósið:**

Nemandi sem mamma, pabbi, vinur, stelpa, strákurinn sest í kastljósið og svarar spurningum samnemenda sinna sem slíkur.



**Sagan:**

*Einn daginn var mamma þeirra svo þreytt á þeim að hún hreinlega rak þau út. Reynið nú að vera til friðs. Þið hljótið að geta leikið ykkur saman í smá tíma. Systkinin fóru út á leikvöll. Bróðirinn vildi ekki hafa systur sína með sér: „Þú ert hrædd við allt. Þú ert bara smábarn.“ Svo gekk hann í burtu. Stuttu seinna kallaði hann á systur sína: „Sjáðu, göng. Hvert ætli þau liggi? Hvað ætli sé hinum megin?“ Örugglega nornir eða skrímsli. En bróðirinn bara hló og sagði: „Barnaskapur.“ Svo skreið hann inn í göngin.*

## Göngin

### Dans, leiklist, hreyfing

#### **Kennari:**

*Hvernig gæti opið á göngunum litið út? Hvernig líta þau út að innan? Fara þau í alveg í gegn? Hvað gerist þegar þau fara í gegn? Hvað er hinum megin?*

#### **Kyrrmyndir:**

Fjögur saman í hóp. Búa til 3 kyrrmyndir af því sem er að gerast hjá stelpunni. Við hvað er hún hrædd? Hvað heldur hún að sé hinum megin? Hver hópur býr til 3 kyrrmyndir af einhvers konar martröð hjá stelpunni. Af einhverju sem gæti verið hinum megin við göngin. Gera kyrrmyndirnar aftur og aftur líkt og í martröð.

- **a) Líkamlegt leikhús (eldri nemendur):**

Átta saman í hóp. Búa til hluta af göngunum. Hver hópur býr til einn hluta og svo eru þeir settir saman. Einn nemandi fer í gegnum göngin með augun lokuð (mega vera opin). Göngin hafa hreyfingu, hljóð, orð. Hvað segja göngin? Hvernig hreyfa þau sig?

- **b) Skynjunarkort (sensory map):**

Hjá yngri hópi er hægt að leggja pappír á gólfíð (þessi brúni eða hvíti sem er til í rúllum). Hver nemandi tekur sér stöðu sitt hvoru megin við pappírinn þannig að langur gangur myndast. Nemendur teikna á blaðið hvað sem þeir vilja. Hvernig líta göngin út? Hvað er



inn í göngunum? Þegar það er búið standa þeir til hliðar við pappírinn og búa til göngin með því að standa báðum megin við pappírinn.

Kennari gengur rólega í gegnum göngin. Þegar hann kemur að myndunum sem nemendur hafa teiknað býr nemandinn til hljóð/orð. Einungis sá nemandi sem kennari er hjá skapar hljóðið. Hinir hafa þögn. Þannig gerir einn nemandi í einu hljóð eða orð. Þegar kennari hefur farið í gegnum göngin er upplagt að bjóða einum nemanda í einu að ganga í gegn.

### **Umræða fyrir bæði a og b:**

*Hvernig var að fara í gegn? Hvað heyrðu þau? Sáú? Fundu þau lykt? Voru þau hrædd? Af hverju? Af hverju ekki? Hafa þau upplifað martröð? Hvað er martröð? Af hverju líður manni illa? Hvernig er hægt að breyta því?*

### **Hinum megin/við enda ganganna:**

Nemendur búa til inngang inn í göngin (tveir eða fleiri; hægt að nota skynjunarkortið). Einn nemandi fer í gegnum göngin í einu. Þegar nemandinn er komin út hinum megin býr hann til kyrrmynd af persónu (ekki á að leika bróðurinn). Nemendur ákveða hvað þau heita, hvað þau voru að gera áður en þau fóru í gegn og af hverju þau fóru í gegn.

### **Kennari í hlutverki:**

Kennari í hlutverki stúlkunnar gengur milli nemenda og snertir þau. Þegar kennari snertir viðkomandi nemenda vaknar hann til lífsins.



*Kennari spyr: „Hver ert þú? Hvað var það síðasta sem þú gerðir áður en þú fórst í gegn?“*

(Dæmi frá nemenda: Ég var að rífast við systur mína og ákvað að fela mig. Ég hljóp hér í gegn og núna get ég ekki hreyft mig).

**Ferðalangur:**

Kennari (sem stúlkan) færir sig á milli nemenda og stendur kyrr fyrir framan þá. Þegar stúlkan stendur fyrir framan nemandann getur hann hreyft sig og sagt upphátt hvað hann óskar sér.

**Nemandi: Ég vildi óska að...**

Eftir að hann hefur talað fer nemandinn aftur í kyrrmynd, kennarinn (stúlkan) ferðast á milli nemenda þar til allir eru búnir.

**Umræður:**

*Sýna mynd af stráknum (í myndabanka)*

Af hverju fraus strákurinn? Hver konar göng eru þetta? Eru fleiri börn frosinn í skóginum? Af hverju er búið að höggva öll hin trén? Voru þau börn?

**Paravinna:**

Tvö og tvö saman.

- A. er bróðirinn sem er frosinn
- B. er systirin

Nemendur búi til senu þegar stúlkan þekkir bróðir sinn.

Nauðsynlegt er að láta nemendur strax vita að þau eiga að tala um það sem þau eru að gera en ekki um það sem þau eru að hugsa eða hvernig þeim líður.

**Dæmi:**

Nemandi B: „Ég horfi á bróður minn.“

Nemandi A: „Ég sé systur mína en ég get ekki hreyft mig.“

B: „Ég geng að honum.“

A: „Ég sé að systir mín nálgast.“

Þegar stelpa kemur við bróður sinn þá er hann laus (ekki lengur frosinn). Nemendur skipta síðan um hlutverk og skipta á félögum líka.

**Kyrrmyndir/spuni:**

*Hvað gerist strax á eftir?*

Nemendur búa til tvær til þrjár kyrrmyndir (hvert par) af því sem gerist strax á eftir paravinnunni og fara síðan í spuna .

**Endursögn með myndum:**

Takið myndir af kyrrmyndunum prentað út myndirnar sem voru teknar af hverju pari fyrir sig. Fáid nemendurna til að endursegja söguna sem þau voru að gera út frá myndunum með áherslu á *fyrst*, *síðan* og *að lokum*. Veljið síðan eina mynd frá hverjum hópi og búið til sögu um t.d. venskap, systkin, óvin eða hvað sem er sem fer upp á vegg við hliðina á mynd eða teikningu af göngunum sem allir tóku þátt í að gera.

Fyrir yngri hópa er gaman að fá þau til að klippa út það sem þau skrifuðu eða teiknuðu á skynjunarkortið. Hægt er að festa það upp á vegg við hliðina á mynd eða teikningu af göngunum sem allir



tóku þátt í að gera.

Einnig geta þau skrifað eitthvað fallegt til systkina sinna, vina, mömmu og pabba eða hvers sem er inn í skriftarský og sett það upp á vegg líka.